

Alþingi
Erindi nr. P 135/989
komudagur 28.12.2007

EYÞING – *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is


Akureyri 21. desember 2007


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 243. mál, hættumat í dreifbýli. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin mælir með samþykkt frumvarpsins.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónsson
framkv.stjóri



Alþingi
Erindi nr. P 135/971
komudagur 18.12.2007

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. desember 2007

0712410SA GB/gk
Tilv.: 131

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi dags. 7. desember 2007. Frumvarpinu er ætlað að opna á heimild til að gera úttekt á hættu á ofanflóðum í dreifbýli og mun Ofanflóðasjóður greiða kostnað vegna slíkra úttekta.

Samband íslenskra sveitarfélaga er sammála efni frumvarpsins og leggur til að það verði lögfest.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs

Alþingi
Erindi nr. P 135/988
komudagur 27.12.2007

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association


Reykjavík, 27. desember 2007

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til brt. á l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 (243. mál)

Vísað er til umsagnarbeiðni nefndarinnar. SFF gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
frankvæmdastjóri

Fyrirspurn til umhverfisráðuneytis

Mál þetta (243. mál – snjóflóð og skriðuföll) var til umræðu á fundi umhverfisnefndar nú í morgun. Vöknuðu spurningar hvers vegna frístundabyggðir eru ekki hafðar með þegar ráðherra ákveður að gera úttekt á hættu á ofanflóðum í dreifbýli. Minnst nefndarmenn þá banaslyss frá 1994 þar sem snjóflóð féll á frístundabyggð.

Ennfremur vakna spurningar varðandi þetta sama ákvæði þar sem einstaklingar og fjölskyldur þeirra geta haft fasta búsetu og þar með lögheimili í frístundabyggð. Segir í athugasemd við greinina að ákvæðinu sé einungis ætlað að taka til staða þar sem menn hafa fasta búsetu og því séu frístundabyggðir ekki taldar falla hér undir. Það var hins vegar í dómi Hæstaréttar í málin nr. 474/2004 þar sem kveðið var á um að einstaklingar gætu haft fasta búsetu í frístundabyggð og þar með lögheimili þar á grundvelli 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili.

Í kjölfar dóm Hæstaréttar hafa verið gerðar breytingar á lögum um lögheimili. Með lögum nr. 149 15. desember 2006 var gerð sú breyting á undantekningarákvæði frá fastrí búsetu, sem finna má í 3. mgr. 1. gr. laga um lögheimili, að dvöl í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sé ekki ígildi fastrar búsetu. Aftur á móti segir í ákvæði til bráðabirgða sem sett var inn með sömu breytingu að 3. mgr. 1. gr. raskar ekki skráningu lögheimilis í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sem færð hefur verið í þjóðskrá fyrir 1. janúar 2007. Ef hins vegar einstaklingur eða fjölskylda hans flytur úr húsnæðinu fellur réttur til skráningar lögheimilis þar niður.

Út frá þessu má því ætla að nú hafi ákveðinn fjöldi einstaklinga og fjölskyldur þeirra hafi fasta búsetu og lögheimili sitt skráð í frístundabyggð. Út frá þessu vaknar spurning hver rökin voru að útiloka frístundabyggð frá gildissviði ákvæðisins.

Svar umhverfisráðuneytis (Logi Kjartansson og Hafsteinn Pálsson)

Vegna fyrirspurnar umhverfisnefndar varðandi úttekt á hættu samkvæmt frumvarpi til breytinga á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Í upphafi viljum við í ráðuneytinu þakka nefndarmönnum fyrir að gefa þessu atriði gaum og fylgja því eftir með fyrirspurn.

Af hálfu ráðuneytisins þykir rétt að greina fyrirspurnina í tvennt; annars vegar hvers vegna frístundabyggðir eru ekki láttnar falla undir heimildarákvæði b.- liðar 1. gr. breytingarlaganna, hins vegar það álitamál að nú þegar hafi ákveðinn fjöldi fasta búsetu í frístundabyggðum landsins og hvernig skuli með þau tilvik fara.

Viðvíkjandi fyrra álitaefninu þá eru ákveðnar röksemdir tilfærðar í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins. Lúta þær að þeim aðstæðumun sem hlýtur að vera á milli frístundabyggða og þeirra svæða þar sem menn hafa fasta búsetu, kostnaði og svo því að tekið sé tillit til ofanflóðahættu við

skipulagsákvæðanir. Ef skyggst er lengra inn í þessar röksemdir má greina að verndarandlag lagaákvæðanna er fyrst og fremst líf og limir manna. Í frístundabyggðum, þar sem gera verður ráð fyrir að menn hafist almennt ekki við nema í frístundum sínum, þykir ekki unnt að ætla að verndarhagsmunir þessir séu eins viðvarandi og þar sem menn hafa dvalfesti sína, þ.e. fasta búsetu. Þá verður að ætla að yfirleitt hljóti fólk að forðast dvöl á frístundasvæðum þegar telja má hættu á ofanflóðum fyrir hendi svo og að tillit sé tekið til slíkrar hættu við gerð skipulags og umsóknir um byggingarleyfi, eða þá afgreiðslu byggingarleyfa af hálfu sveitarstjórna.

Hvað varðar síðari fyrirspurnarþáttinn, þá er það svo samkvæmt gildandi lögheimilislögum að ekki er heimilt að skrá lögheimili í frístundabyggð, en ljóst er eins og nefndin bendir á að tiltekinn fjöldi fólks á lögheimili sitt í frístundabyggð (þeir sem skráðu þar lögheimili fyrir tiltekið tímamark). Að mati ráðuneytisins hlýtur að verða að taka til þess afstöðu, annað hvort af hálfu nefndarinnar eða við umræður, hvort undanskilja eigi þau svæði þar sem einstaklingar hafa skráð lögheimili sitt í frístundabyggð frá heimildarafmörkun b. liðar 1. gr. breytingarlaganna. Rökin á móti því að undanskilja eru þannig jafnræðissjónarmið og hinir mikilvægu verndarhagsmunir. Það sem mögulega mælir með slíku gæti verið mikill kostnaðar- og fyrirhafnarauki við slíkar úttektir og að einhverju leyti sá aðstæðubundni munur sem að ofan greinir. Þetta ætti hins vegar að geta orðið tiltölulega einfalt mál í framkvæmd þar sem ekki mun vera um mörg tilvik af þessum toga að ræða og upplýsingar um slíkt ættu að liggja fyrir hjá Hagstofu Íslands. Það mætti því hugsanlega setja í athugasemdirnar með frumvarpinu að hættuúttektarheimildin eigi ekki við um frístundabyggð nema menn hafi þar fasta búsetu, það er viðurkennt lögheimili samkvæmt lögum þar um.

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/998
komudagur 8.1.2008



**VEÐURSTOFA
ÍSLANDS**

Nefndasvið Alþingis — umhverfisnefnd
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Dags. 3. janúar 2008
Tilv. 012/7811/MJ/KG

Efni: Umsögn Veðurstofu Íslands um 243. mál, hættumat í dreifbýli

Visað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis frá 7. desember 2007 þar sem óskað er umsagnar um ofangreint þingmál.

Veðurstofa Íslands er samþykkt þeim breytingum sem hér er lagt til að verði gerðar á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Virðingarfyllt


Magnús Jónsson
veðurstofustjóri

BÚSTAÐAVEGUR 9, 150 REYKJAVÍK
SÍMI 522 6000 – FAX 522 6001
NETFANG office@vedur.is

Alþingi
Erindi nr. P 135/929
komudagur 12.12.2007

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 11. desember 2007

Efni: 243. mál, hættumat í dreifbýli, frv. til l. um br. á l. nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

Umhverfisnefnd Alþingis hefur með bréfi dags. 7. desember sl. óskað umsagnar Viðlagatryggingar Íslands um ofangreint lagafrumvarp.

Af hálfu Viðlagatryggingar eru engar athugasemdir gerðar við frumvarpið.

Viðlagatrygging Íslands


framkvæmdastjóri